



5. júní 2025

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi  
620 Dalvík

## Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði á Árskógssandi

Með tölvupósti frá skipulagsgáttinni þann 22.maí 2025 óskaði Dalvíkurbyggð eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð á Árskógssandi, mál nr. 84/2004. Tillagan sem unnin af COWI samanstendur af greinargerð dagsettri í desember 2024 og uppdrætti dagsettum 8.október 2024.

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar við tillöguna.

### 1. Ósamræmi í fjölda og heitum svæða

Í inngangi greinargerðarinnar er vísað til reita 705-ÍB, 706-ÍB, 707-ÍB og 702-Ó, sem eru þrjú íbúðarsvæði og eitt óbyggt svæði. Í kafla 2.2 er hins vegar talað um uppbyggingu þriggja svæða, sem eru nefnd svæði 1, 2 og 3. Í kafla 3 og á uppdrætti er síðan vísað til fimm svæða. Þessi framsetning er ruglingsleg og mikilvægt er að samræma heiti og fjölda svæða í öllum köflum skjalsins og á uppdrætti.

### 2. Ósamræmi í lýsingu á breytingu aðalskipulags

Í kafla 1.1 kemur fram að breyting á aðalskipulagi feli í sér að svæði 702-Ó verði breytt í íbúðarsvæði (702-ÍB). Þessi lýsing er ekki í samræmi við texta síðar í greinargerðinni né við texta í tillögu að breyttu aðalskipulagi (mál nr. 692/2025).

### 3. Villur í tilvísunum í aðalskipulag

Í kafla 5.4 er vísað í aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2020–2032, en miðað við samhengi virðist átt við aðalskipulagið 2008–2020. Einnig er þar fjallað um íbúðarsvæði 405-ÍB, sem virðist ekki tengjast þessu skipulagssvæði og líklega um innsláttarvillu að ræða.

Annað ekki

f.h. heilbrigðisnefndar

HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
NORÐURLANDS EYSTRÁ  
  
Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi

Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir

### Umsögn RARIK. Árskógssandur - nýtt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð 0084/2024

RARIK hefur mótekið erindi sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála dags. 22/05/2025, þar sem óskað er umsagnar RARIK vegna tillögu að nýju skipulagi. Málsnúmer. 2025-05-0321.

RARIK hefur farið yfir skipulagstillöguna og bendir á að innan skipulagssvæðis er nú þegar dreifistöð fyrir hverfið og strengir. Tryggja þarf áframhaldandi staðsetningu dreifistöðvar og aðkomu, RARIK óskar eftir samtali varðandi það. Að öðru leyti gerir RARIK ekki athugasemdir við tillöguna.

Með kveðju,  
Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Dalvíkurbyggð

4. júní 2025  
MÍ202505-0131/ 6.09 / S.G.

## Árskógssandur - umsögn Minjastofnun um aðal- og deiliskipulag á vinnslustigi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Dalvíkurbyggðar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um breyting á Aðalskipulagi, uppdráttur dagsettur 18. mars 2025 og nýtt deiliskipulagi, uppdráttur dagsettur 8. október 2024 og greinargerð dagsett í desember 2024. Er þetta kynning á gögnum á vinnslustigi.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið, sjá Hákon Jensson. 2022. *Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags.* Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12

Í umsögn um skipulagslýsinguna dagsettri 5. febrúar 2024 (MÍ202401-0167/ 6.08 / S.G.) segir að gera verði grein fyrir skráðum minjum innan skipulagssvæðisins á uppdrætti. Það hefur ekki verið gert, og stendur í töflu á bls. 41 að engar skráðar fornleifar séu innan svæðisins. Sama stendur í kafla 3.3.8 Fornleifavernd og í kafla 3.4.8 undir sama nafni.

Samkvæmt áðurnefndri skráningu frá 2022 eru skráðar fjórar fornleifar innan eða rétt við skipulagssvæðið. Gera þarf grein fyrir þeim í greinargerð með skipulaginu og á deiliskipulagsuppdrætti. Sjá:

2752-27 Melagötur  
2752-28 Móagötur  
2752-29 útihús  
2752-23 útihús

Minjastofnun hefur engar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi en deiliskipulagsgöng þarf að leiðrétta til samræmis við ofangreindar athugasemdir áður en skipulagið verður auglýst.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra